

Lokaskýrsla 2018 til Kvískerjasjóðs

Viðhald og rekstur á fiðrildagildrum í Skaftafellssýslum



Kristín Hermannsdóttir og Björn Gísli Arnarson



NÁTTÚRUSTOFA
SUÐAUSTURLANDS

Litlubró 2,

780 Höfn í Hornafirði

16. júlí 2018

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	3
Lokaskýrsla um ráðstöfun styrkfjár frá Kvískerjasjóði.....	4
Um framvindu verkefnisins	4
Helstu niðurstöður	5
Ráðstöfun styrks Frá Kvískerjasjóði	7
Kostnaður	7

LOKASKÝRSLA UM RÁÐSTÖFUN STYRKJÁR FRÁ KVÍSKERJASJÓÐI

Heiti verkefnis:	Viðhald og rekstur á fiðrildagildrum í Skaftafellssýslum
Styrkumsækjandi:	Kristín Hermannsdóttir/Náttúrustofa Suðausturlands
Kennitala umsækjenda:	050271-5369/440213-0490
Heimilisfang:	Litlubrú 2 (Náttúrustofa Suðausturlands)
Verkefnisstjóri:	Kristín Hermannsdóttir
Sími:	4708060
Netfang:	kristin@nattsa.is
Upphæð styrks:	265.000 kr
Samstarfsaðilar:	Björn Gísli Arnarson, Fuglaathugunarstöð SA-lands.

UM FRAMVINDU VERKEFNISINS

Frá árinu 2014 hafa verið starfræktar fiðrildagildir á vegum Náttúrustofu Suðausturlands í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands í Skaftafellssýslum. Tvær gildir hafa verið í Einarslundi við Hornafjörð frá 2014 og ein í Mörtungu í Skaftárhreppi frá 2015. Um miðjan apríl hvert ár er kveikt á gildrunum og lýsa þær út í næturmykrið allar nætur fram í nóvember. Fiðrildi fljúga í ljósið en inni í gildrunni er klóróform svo þau fiðrildi sem lenda þar sofna. Einu sinni í viku er gildran tæmd og aflinn settur í frysti. Þegar haustar er allur aflinn flokkaður og talinn. Fyrstu fiðrildin koma venjulega í lok apríl eða byrjun maí. Flest fiðrildi eru svo um miðjan ágúst og fram til ágústloka. Á síðustu árum hafa veiðst 45 tegundir fiðrilda á Höfn, en 38 tegundir í Mörtungu. Umsjón með gildrunum er í höndum Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands. Nokkrir flækingar berast í gildrunar á ári hverju og eins til stofunnarinnar eftir öðrum leiðum, þar af einn hauskúpusvarmi sem fannst á Hnappavöllum síðla sumars 2016.

Rekstur á svona gildrum er fremur einfaldur í sjálfu sér en þó krefst hann þess að rafmagn sé til staðar, að perurnar lýsi allar nætur og að nóg sé af klóróformi í gildrunum þegar fiðrildin fara ofan í þær. Eins þarf kassinn í gildrunni að vera þéttur og þurr.

Gildrunar sem notaðar eru koma allar frá Kvískerjum og hafa verið í notkun í nokkurn tíma. Var komið að ákveðnu viðhaldi á sjálfum gildrunum. Sótt var um styrk í mars 2017 til að standa straum að kostnaði við að viðhalda þremur gildrum og til að halda þeim í rekstri um tveggja ára tímabil.

Þegar styrkur hafði fengist í endurnýjunina hófst Björn Gísli Arnarson handa við að útvega sér efni í nýja kassa og festingar. Hann vann þetta veturinn 2017-2018 og þegar gildrunar voru tendraðar í apríl 2018 voru það nýjir og þéttir kassar sem fóru út á öllum athugunarstöðunum.

Þessar fiðrildaveiðar tengja Náttúrustofu Suðausturlands traustum böndum við Náttúrufræðistofnun Íslands, en sú tenging er mjög mikilvæg fyrir landsbyggðina. Árangur af verkefninu felst í því að safna fæst í talningar og mælingar á fiðrildum á Suðausturlandi.



Björn Gísli Arnarson með Hálfadáni og Helga Björnssonum í apríl 2014 (t.v.). Björn og Hálfadán í apríl 2015 (t.h.) í Einarslundi, þegar gildrunar voru tendraðar að vori (Myndir Kristín Hermannsdóttir).




HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur við upplýsingum um öll fiðrildi sem veiðast í gildrunar og heldur utan um allar talningar og staðreyndir um tegundir og fjölda innan tegunda á milli ára. Fiðrildavöktun er mikilvægur þáttur í að vakta náttúru landsins. Erling Ólafsson á Náttúrufræðistofnun hefur komið á Höfn síðustu ár og flokkað og greint fiðrildin sem hafa veiðst og einnig hefur Björn Gísli Arnarson komið mikið að þeirri vinnu.

Mikilvægt er talið að halda áfram þeirri fiðrildavöktun sem hófst fyrir mörgum árum á Kvískerjum og tengja þannig saman nútíð og fortíð og því lengri sem mæliserían verður, því meiri upplýsingar veitir hún um breytingar og þróun í náttúrunni.




Björn Gísli Arnarson tendrar endurnýjaða gildru í Einarslundi vorið 2018 (t.v.). Erling Ólafsson og Björn Gísli Arnarson flokka og greina fiðrildi sem komu í gildrunar 2015 (t.h.) (Myndir Kristín Hermannsdóttir).



Samanburður á hlutfalli algengustu fiðrilda á SA-landi árin 2015 og 2017. Grasvefari var lang algengastur í Mörtungu bæði árin, á Höfn voru jarðygla og túnfeti algengust árið 2015, en tígulvefari átti vinninginn árið 2017.



Grasvefari, jarðygla og túnfeti (Myndir Erling Ólafsson. Tígulvefari (lengst t.h) (Mynd Björn Gísli Arnarson).



Mynd sem sýnir fjölda veiddra fiðrilda á SA-landi árið 2016, hver súla sýnir fjöldann í einni viku. Þegar mest veiddist, komu rúmlega 400 fiðrildi í gildruna í Mörtungu eina vikuna.



RÁÐSTÖFUN STYRKS FRÁ KVÍSKERJASJÓÐI

Óskað var styrks frá Kvískerjasjóði árið 2017 til endurnýjunar á þremur gildrum í Skaftafellssýslum. Var lögð fram verk- og tímaáætlun auk kostnaðaráætlunar og hlaut verkefnið styrk upp á 265.000 kr.

KOSTNAÐUR

Kostnaður var tekinn saman meðan á verkefninu stóð (2017-2018). Verkferlinu var skipt í nokkra þætti, þó ekki alveg þá sömu og áætlunin gerði ráð fyrir. Kvískerjasjóður styrkti verkefnið um 265.000 kr. eða um 28 % af raunkostnaði. Nýttist styrkurinn til að greiða fyrir perur, klóróform, efni í nýjar gildirur og vinnu við að endurnýja þær. Annar kostnaður hefur verið greiddur af styrk frá Landsvirkjun - samfélagssjóði og sem mótframlag frá Náttúrustofu Suðausturlands.

Virðingarfyllst

16. júlí 2018

Kristín Hermannsdóttir

Veðurfræðingur

Forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands

Nýheimum, Litlubrú 2, 780 Hornafirði

Sími- 4708060, GSM- 8634473

Björn Gísli Arnarson

Fuglaathugunarstöð Suðausturlands

Nýheimum, Litlubrú 2, 780 Hornafirði

GSM - 8467111